

Alþingi
Erindi nr. P 135/2867
komudagur 20.5.2008



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. maí 2008

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. Kafla I. Viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

BSRB varar við því að afgreiðslu þessa máls verði hraðað og hvetur þvert á móti eindregið til þess að málið fái nánari skoðun í sumar. Um er að tefla mjög mikla hagsmuni fyrir þjóðina alla hvað varðar matvælaðryggi og að sjálfsögðu atvinnuhagsmuni í landbúnaði og matvælaíðnaði sérstaklega. Fjölmörg önnur hagsmunatengd álitamál þarfnast einnig skoðunar. Að mati BSRB væri það mikið ábyrgðarleysi að hafa að engu varnaðarorð þeirra sem hafa með sannfærandi rökum varað við samþykkt frumvarpsins.

Á næstu mánuðum þyrfti að gera rækilega úttekt á afleiðingum þess að samþykkja þær breytingar sem felast í frumvarpinu. BSRB vekur athygli á þeirri miklu umræðu sem frumvarpið hefur vakið í þjóðfélaginu frá því það kom fram, þótt mjög skammt sé um liðið. Almennu eru þessi viðbrögð mjög gagnrýnin og væri það í hæsta máta ólýðræðislegt að lögleiða frumvarpið nú með hraði. Af þessum ástæðum leggst BSRB gegn samþykkt frumvarpsins.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in black ink, which reads 'Helga Jónsdóttir'.

Helga Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri